

kynni að þurfa með, og Austurlandeyjahreppur getur að eins verið skyldur að endurgjalda Vesturlandeyjahreppi sveitarstyrk þann, er í raun og veru hefir verið lagður með 2. febr. þurfamanninum. 14

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um fjallvegi. — Samkvæmt tillögum amtsráðsins í brjefi frá 21. desbr. f. á. skal hjer með veitt til vegagjörða á fjallvegum í norður- og austurumdæminu á yfirstandandi ári af 14000 kr. þeim, sem ákveðnar eru í 10. gr. C. 5. a. fjárlaganna, eptirnefndar upphæðir:

a, til að fullgjöra veginn yfir Öxnadalsheiði í Eyjafjarðarsýslu	250 kr.
b, — vegarins yfir Siglufjarðarskarð í sömu sýslu	700 —
c, — vegarins yfir Vaðlaheiði:	
1, í Eyjafjarðarsýslu	1000 kr.
2, í Þingeyjarsýslu	1000 —
d, — vegarins á Dimmafjallgarði í Norðurmúlasýslu	500 —
e, — vegarins yfir Vestdalsheiði í sömu sýslu	1000 —
f, — sæluhússbyggingar á Mývatnsfjöllum (hellingurinn þetta ár)	1000 —
svo og samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi frá 2. f. m. til veganna yfir Vatnsskarð og Siglufjarðarskarð í Skagafjarðarsýslu	700 —
Alls	6150 —

Enn fremur skulu veittar af þeim 6000 kr., sem ákveðnar eru í 10. gr. C. 5. b. fjárlaganna til að styrkja að helmingi sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðum 2500 —

Þar af 600 kr. til að gjöra brú yfir Valagilsá, er samkvæmt skýrslu amtsráðsins getur ekki talist með fjallveginum yfir Öxnadalsheiði, en heyrir að öllu leyti til sýsluveganna í Skagafjarðarsýslu.

Með tilliti til 1900 kr. þeirra, sem þá eru eptir, skal það falið amtsráði norður- og austurumdæmisins að skipta þeim milli sýsluvega í norður- og austurumdæminu, er fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í fjárlögunum um þetta efni.

Þegar viðkomandi vegagjörðum er lokið ber að senda hingað reikninga yfir kostnaðinn við þær, svo og skoðunar- og úttektargjörðir á vegunum.

Í sambandi hjer við bið jeg mjer tjád ummæli amtsráðsins um hjálagaða beiðni, er hingað hefir komið frá sýslumanninum í Húnavatassýslu, og þar sem farið er fram á, að veittar verði 3000 kr. til að framhalda vegagjörðinni yfir Grímstunguheiði á yfirstandandi ári. Fylgiskjalið óskast endursent.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um spítalagjald eptir ágústmánaðarlok 1881. — Með brjefi dags. 5. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer fyrirspurn frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, þar er hann beiðist úrskurðar míns um það, hvort hann fyrir sakir ákvarðanarinnar í 9. gr. laga 4. nóvember f. á. um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. eigi að endurborga spítalagjald það, sem hann annaðhvort hefir inn heimt í peningum, eða sem áreiðanlegir menn hafa gengið í ábyrgð fyrir, að greitt yrði af síldveiðimönnum þeim, er veiði hafa rekið í hreppum nefndrar sýslu, en átt þar eigi sjálfir heima, af afla þeim, er þeir hafa fengið eptir ágústmánaðarlok árið, sem leið. 16

Út af þessu tjái jeg yður nú, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar 7. febr.